

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2022

2022/EES/61/23

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1841 frá 20. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 6-bensýladenín og amínópýralíð í eða á tilteknum afurðum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 frá 20. október 2021 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir flúpýradífúrón og díflúoróedíksýru í eða á tilteknum afurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2202 frá 9. desember 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asekinósýl, Bacillus subtilis af stofni IAB/BS03, emamektín, flútólaníl og ímasamox í eða á tilteknum afurðum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætast við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 1841:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1841 frá 20. október 2021 (Stjútíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 63),
- **32021 R 1842:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 frá 20. október 2021 (Stjútíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 76),
- **32021 R 2202:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2202 frá 09. desember 2021 (Stjútíð. ESB L 446, 14.12.2021, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 63.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 76.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 446, 14.12.2021, bls. 8.

2. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 1841**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1841 frá 20. október 2021 (Stjtíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 63),
- **32021 R 1842**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1842 frá 20. október 2021 (Stjtíð. ESB L 373, 21.10.2021, bls. 76),
- **32021 R 2202**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2202 frá 09. desember 2021 (Stjtíð. ESB L 446, 14.12.2021, bls. 8).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 2021/1841, (ESB) nr. 2021/1842 og (ESB) nr. 2021/2202, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.